



Jólakötturinn & dularfulla kistan er litríkt og töfrandi jólaleikrit. Verkið var upphaflega samið sem einleikur fyrir leikskóla og hefur sýningin nú ferðast á yfir 50 leikskóla víðsvegar um landið. Í ár var ákveðið að útfæra verkið fyrir stærra svið.

Í verkinu kynnumst við Jólakettinum. Hann er besta skinn en mikill prakkari og hefur komið jólnum í uppnám í Grýluhelli. Til að bæta ráð sitt fær hann börnin með sér í ævintýralegt ferðalag í gegnum dularfulla kistu svo jólnum verði ekki aflýst í Grýluhelli þessi jól.

Hér er á ferðinni jólasaga fyrir alla fjölskylduna sem er skemmtilegt og fallegt ævintýri sem börnin taka fullan þátt í.

Um höfundinn

Ingi Hrafn er leikari með áralanga reynslu af því að búa til barna- og skemmtiefni og er einn stofnanda leikhópsins Vinir.

Frá árinu 2007 hefur hann og Vinir getið sér gott orð fyrir að færa leikskólabörnum landsins frumsamin leikrit, sem eru bæði fjörug og spennandi en bera einnig fallegan boðskap.

Barnamenning hefur ætíð verið Inga Hrafn hugleikin. Hann hefur mikinn metnað fyrir því að miðla fallegum verkum með góðum boðskap til barna og ungmenna.

Meðleikari

Tryggvi Rafnsson er leikari. Hann er meðlimur í leikhópnum Vinir og hefur samið og flutt leiksýningar með hópnum undanfarin ár.

Handrit, leikstjórn og framleiðsla

Ingi Hrafn Hilmarsson

Leikmynd

Ingi Hrafn Hilmarsson

Birgir Guðmundsson

Júlíus B. Benediktsson

Tónlist

Guðmundur Grétar Magnússon

Ingi Hrafn Hilmarsson

Búningar

María Manda Ívarsdóttir

Eva Björg Harðardóttir

Myndataka og klipping

Viktor Aleksander Bogdanski

LEIKARAR

Jólakötturinn

Ingi Hrafn Hilmarsson

Grýla

Tryggvi Rafnsson

Óvæntir gestir

Arnfinnur Daníelsson

Bjarki Ragnarsson

Kári Viðarsson

Guðmundur Grétar Magnússon

Grímur Smári Hallgrímsson

Stefán Kári Ottósson

Birkir Freyr Ingason

Sérstakar þakkir

Salurinn í Kópavogi

María Manda Ívarsdóttir

Júlíus B. Benediktsson

Birgir Guðmundsson

Gunnar Örn Arnarson

Magnús Theodórsson

Eiríkur Orri Agnarsson

Sveinbjörn Skúli Óðinsson

Orri Már Arnarson

Magnús E. Halldórsson

Kristófer Páll Sigurðsson

Nick Candy

Kári Þráinsson

Gunnar Sigfús Björnsson

Haraldur Ernir Haraldsson

Steinar Birgisson

Kári Viðarsson

Kristín Lilja Ragnarsdóttir

Birkir Freyr Ingason

Emil Hrafn Ingason

Ragnar Kári Ingason

Halldóra Sólveig Einarsdóttir

Bjarki Ragnarsson

Helgi Þór Gunnarsson

Vinir og fjölskylda -

þið vitið hver þið eruð

Blindspot

Sólar ehf.

Hefilverk ehf.

krakkaRÚV

LAGATEXTAR Í SÝNINGU

Elsku mamma Grýla

Ég er köttur með augu, eyru og nef.

Á það til að gera stundum at.

Að mestu leyti mala ég og sef,

en ég gaf henni mömmu kattamat.

Og ég dró jólasvein með mér,

til að deila skömminni.

Það var hann Askasleikir.

Skömminn er víst öll mín.

Elsku mamma Grýla,

fyrirgefðu mér.

Þessi Wiskas fála,

er ekki líðandi hér.

Og úr þessum helli hún fer.

Grýla ældi jólasveinana á,

daga og nætur situr klósettinu á.

Leppalúði vaknar upp við fnyk.

Svona gerist þegar þú fremur

skammarstrik

Ó, Grýla um gólfín þrammar.

Heyrist óp um höf.

Askasleikir skammar.

Fá börnin þá enga gjöf?

Elsku mamma Grýla,

fyrirgefðu mér.

Þessi Wiskas fála,

er ekki líðandi hér.

Og nú beint á Kattholt ég fer.

Lag og texti:

Guðmundur Grétar Magnússon

Ég er Jólakötturinn

Inn í hellinn kom, allir á mig stöðu.

Ég reyndi að flýja, en þar stóð vörður.

Hún var stór og ljót.

Og hún heitir Grýla.

Og lyktaði eins og pissufýla.

Hún starði á mig væmnum augum,

sem glönsuðu yfir svörtum baugum.

Ást og faðmlag frá henni þáði.

Þá var ég orðinn hennar snáði.

Þrettán kátir jólasveinar,

ég er einn af þeim.

Grýla sífellt kvartar, kveinar.

En ég er kominn heim.

Ooo... Ég er Jólakötturinn.

Ooo... Ég er Jólakötturinn.

Í slyddu og snjó, ég átti enga skó.

En nú á ég kattarbæli

og mömmu skjól.

Fæ nóg af mat.

Ét á mig gat,

og ég passa varla í buxurnar.

En það eru að koma jól.

Í borginni eru jólaljós.

Grænar, gular baunir í dós.

Snjórinn fallinn og hátíð í bæ.

Allt er breytt með öðrum blæ.

Ég finn til fót fyrir jólasveina.

Þá geta þeir hætt

að kvarta og kveina.

Rauður jakki og rauðar buxur.

Þetta og fleira til að hugsa um.

Hérna ég ræð og engin annar,

nema kannski Grýla mamma.

Ég er sá sem kann að siða alla til.

Í hellinum geri ég það sem ég vil.

Þegar ég segi „Jóla,“

Segið þið „Köttur!“

„Jóla - köttur“

„Jóla - köttur“

Þegar ég segi „Jóla,“

Segið þið „Köttur!“

„Jóla - köttur“

„Jóla - köttur“

Ég dýrka jólin

Það er besti tíminn

Ef þau koma aftur

Hringið aftur í mig!

Ooo... Ég er Jólakötturinn.

Ooo... Ég er Jólakötturinn.

Ooo... Ég er Jólakötturinn.

Ooo... Ég er Jólakötturinn.

Lag:

Guðmundur Grétar Magnússon

Texti:

Guðmundur Grétar Magnússon

Ingi Hrafn Hilmarsson

Jólaköttinn á Spotify

Vinningslag Jólalagakeppni Borgarbókasafnsins 2024

Staður og tími:

Salurinn Kópavogi / 40 mín.

30. nóvember 2025